

Ed.

693. Lög

um breyting á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí).

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra gerir starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra til allt að 6 ára i senn. Í samningi má setja ákvæði um uppsagnarfrest fyrir hvorn sammingsaðila. Ráðherra getur vikið mönnum þessum frá starfi án fyrirvara, eftir sömu reglum og embættismönnum úr embætti. Slíkur brottrekstur fellur þó úr gildi, ef meiri hluti sjávarútvegsnefnda beggja deilda Alþingis á sameiginlegum fundi mótmælir brottrekstrinum á næsta þingi eftir brottvisun.

2. gr.

Síðari málsliður 4. gr. laganna orðist þannig:

Um þá starfssamninga, sem skipstjóri og vélameistari gera við skipverja, gilda uppsagnarfrestir frá beggja hálfu samkvæmt ákvæðum hinna almennu sjólaga.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný 10. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að búa varðskipin björgunartækjum, eftir því sem ástæður þykja til, og verja til þess fé úr landhelgisjóði.

4. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðist þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 20—25% til skipshafnar varðskipsins, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og skiptist féð milli skipverja í réttu hlutfalli við fast kaup hvers þeirra. Að öðru leyti renna björgunarlaun i landhelgisjóð.